

## **BORGARRÁÐ 21. desember 2023: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um veitingarekstur á lóðinni Úlfarsbraut 122-126 - MSS23120154**

Lagt er til að borgarráð samþykki að samþykki að fela umhverfis- og skipulagssviði að athuga hvort unnt er að breyta á nýtingu lóðarinnar Úlfarsbraut 122-126 með það að markmiði að unnt verði að reisa þar veitingaaðstöðu. Við Úlfarsbraut 122-126 má finna grunnskóla, leikskóla, íþróttahús, sundlaug, menningarhús með bókasafni og frístundaheimili. Þessi reitur er því miðstöð þjónustu í hverfinu og í mikilli notkun af íbúum hverfisins. Ólíkt mörgum öðrum sambærilegum reitum í Reykjavík er hvorki sérstök veitingasala eins og kaffihús eða samskonar veisluaðstaða á reitnum né í grenndinni. Vænta má miðað við aðsóknina að svæðinu að það sé rekstrargrundvöllur fyrir snotru kaffihúsi en nokkur eftirspurn hefur verið eftir slíku meðal íbúa hverfisins. Þá sérstaklega í ljósi þess alla verslunarþjónustu er einungis að sækja efst í hverfinu. Ef fagleg athugun umhverfis- og skipulagssviðs leiðir í ljós að þetta er mögulegt verði unnin tillaga að breytingu á deiliskipulagi sem getur stutt við það að auka fjölbreytni í hverfinu.

### **Greinargerð:**

Á meðfylgjandi mynd má sjá þann reit sem kann að vera hagfelldastur fyrir slíka starfsemi.

